

**Þín rödd í ráðum borgarinnar**  
Hugmynd frá samráðsvef Betri Reykjavík  
5. febrúar 2019

Heiti erindis: [Eineltisáætlun leikskóla - Vinátta](#)  
Málaflokkur: Menntamál  
Viðtakandi erindis: Skóla- og frístundaráð  
Efst í málaflokknum: Já  
Meðal fimm efstu : Nei

Athugasemdir:

Fjöldi með hugmynd: 35	Fjöldi á móti hugmynd: 0
------------------------	--------------------------

**Lýsing:** Að Reykjavíkurborg beiti sér fyrir því að vera með verkefnið Vinátta sem Barnaheill stendur fyrir í öllum leikskólum borgarinnar eða sambærilegt forvarnarverkefni um einelti. Ráðumst SAMTAKA í öllum leik og grunnskólum á rætur eineltis.

Rök með hugmynd:	Rök gegn hugmynd:
Það hefur því miður sýnt sig að einelti er meðal ungra barna. Ábyrgð okkar er að halda því í burtu. Verkefnið Vinátta er kjörin leið til að ráðast á rætur vandans og væri frábært ef allir skólar ynnu að því sameiginlega. Börnin fræðast um umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki með markvissum hætti og myndu þekkja verkefnið þó þau skipti um skóla. Þetta verkefni hefur sannað sig í Danmörku svo um munar.	